

Tillaga til þingsályktunar

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkisráðherra.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992 og fella inn í samninginn eftirtaldar gerðir:

1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/97, frá 20. janúar 2016, um sölu vátrygginga (endurútgefin).
2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/411, frá 14. mars 2018, um breytingu á tilskipun (ESB) 2016/97 að því er varðar hvaða dag lögleiðingarráðstafanir aðildarríkja koma til framkvæmda.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2018, frá 26. október 2018, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, frá 2. maí 1992 (sbr. fskj. I), og til að fella inn í samninginn:

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/97, frá 20. janúar 2016, um sölu vátrygginga (endurútgefin), (sbr. fskj. II).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/411, frá 14. mars 2018, um breytingu á tilskipun (ESB) 2016/97 að því er varðar hvaða dag lögleiðingarráðstafanir aðildarríkja koma til framkvæmda (sbr. fskj. III).

Þar sem lagastoð var ekki fyrir hendi til innleiðingar á fyrrnefndu tilskipuninni var ákvörðun nr. 214/2018 tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni gerðanna sem hér um ræðir. Þær fela ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

2. Um upptöku ESB-gerða í EES-samninginn og um stjórnskipulegan fyrirvara.

Á hverju ári er nokkur fjöldi ESB-gerða tekinn upp í EES-samninginn með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar. Þó er um að ræða tiltölulega lágt hlutfall af heildarfjölda þeirra gerða sem ESB samþykkir. Í skýrslu utanríkisráðuneytisins, *Gengið til góðs – skref í átt að bættri framkvæmd EES-samningsins*, kemur fram að á tímabilinu frá árinu 1994 til ársloka 2016 tók Ísland upp 13,4% þeirra gerða sem ESB samþykkti á sama tímabili.

Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild skv. 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum.

Almennt hafa íslensk stjórnvöld einungis gert stjórnskipulegan fyrirvara þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilvik leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að afla þess samþykkis Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt samhliða viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun.

Áðurnefnd 21. gr. stjórnarskrárinnar tekur til gerðar þjóðréttarsamninga en hún á augljóslega einnig við um þau tilvik þegar breytingar eru gerðar á slíkum samningum. Samkvæmt ákvæðinu er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings kallar á laga-breytingar hér á landi.

Umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar felur í sér breytingu á EES-samningnum en þar sem hún kallar á lagabreytingar hér á landi var hún tekin með stjórnskipulegum fyrirvara. Í samræmi við það sem að framan segir er óskað eftir samþykki Alþingis fyrir þeirri breytingu á EES-samningnum sem í ákvörðuninni felst.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/97 frá 20. janúar 2016 um sölu váttrygginga (endurútgefin).

Markmið tilskipunarinnar er að vernda hagsmuni þeirra sem fá þjónustu vegna kaupa eða væntanlegra kaupa á váttryggingum. Tilskipunin gildir um váttryggingamiðlara, váttryggingafélög, umboðsmenn á vegum þeirra og aðila sem selja váttryggingu sem aukaafurð og tryggir frjálst flæði þjónustu á innri markaðinum. Í tilskipuninni eru gerðar auknar kröfur um upplýsingaskyldu til váttryggingataka, hæfi þeirra sem selja váttryggingar og hvað teljist góðir og gildir viðskiptahættir. Þá eru nánari reglur um gagnkvæma viðurkenningu eftirlitsstjórnvalda og viðurlög.

4. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/411 frá 14. mars 2018 um breytingu á tilskipun (ESB) 2016/97 að því er varðar hvaða dag lögleiðingarráðstafanir aðildarríkjanna koma til framkvæmda.

Tilskipunin felur einungis í sér breytingu á gildisdagsetningu tilskipunar 2016/97/ESB, frá 23. febrúar 2018 til 1. október 2018.

5. Lagabreytingar og hugsanleg áhrif hér á landi.

Innleiðing tilskipunar 2016/97/ESB hér á landi kallar á breytingar á lögum um váttryggingar, en með tilskipuninni var felld úr gildi eldri tilskipun, nr. 2002/92/EB, sem innleidd var með lögum nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga. Fyrirhugað er að fjármálaráðherra muni á yfirstandandi löggjafarþingi leggja fram lagafrumvarp til innleiðingar á tilskipuninni. Með frumvarpinu verður annars vegar lögð til heildarlöggjöf um dreifingu váttrygginga sem kemur í stað laga nr. 32/2005 og hins vegar verða lagðar til breytingar á lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Frumvarp til laga um dreifingu váttrygginga felur í sér ákvæði um þá aðila sem dreifa váttryggingum, þ.e. starfsskilyrði, starfshætti og hæfi þeirra ásamt ákvæðum

um frjálst flæði þjónustunnar. Að auki verða ákvæði um eftirlit með starfseminni og dreifingaraðilum. Breytingar á lögum um váttryggingarsamninga munu fela í sér ákvæði vegna aukinna krafna um upplýsingaskyldu vegna dreifingar á váttryggingum og ákvæði um váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir. Tilgangur frumvarpsins er að vernda hagsmuni neytenda og tryggja að þjónusta þeirra sem dreifa váttryggingum sé með sambærilegum hætti. Nýmæli í tilskipuninni er að hún gildir einnig um dreifingu váttrygginga hjá váttryggingafélögum.

6. Samráð við Alþingi.

Í reglum Alþingis um þinglega meðferð EES-mála er kveðið á um að ESB-gerðir, sem fyrirhugað er að fella inn í EES-samninginn en munu ekki taka gildi á Íslandi nema að undan-gengnu samþykki Alþingis, skuli sendar utanríkismálanefnd til umfjöllunar. Tilskipun 2016/97/ESB var send utanríkismálanefnd til samræmis við framangreindar reglur. Í bréfi utanríkismálanefndar, dags. 21. mars 2018, kemur fram að nefndin hafi fjallað um gerðina og fylgir bréfinu álit efnahags- og viðskiptanefndar þar sem gerðin fékk efnislega umfjöllun. Í bréfinu eru ekki gerðar athugasemdir við upptöku gerðarinnar í EES-samninginn.

Fylgiskjal I.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

www.althingi.is/alttext/pdf/149/fylgiskjol/s0986-f_I.pdf

Fylgiskjal II.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/97 frá 20. janúar 2016 um sölu váttrygginga (endurútgefin).

www.althingi.is/alttext/pdf/149/fylgiskjol/s0986-f_II.pdf

Fylgiskjal III.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/411, frá 14. mars 2018, um breytingu á tilskipun (ESB) 2016/97 að því er varðar hvaða dag lögleiðingarráðstafanir aðildarríkjanna koma til framkvæmda.

www.althingi.is/alttext/pdf/149/fylgiskjol/s0986-f_III.pdf